



Stofnun skólans, þróun hans og áherslur

Stofnun og húsnæðismál

Tjarnarskóli var stofnaður árið 1985 af kennurunum Margréti Theodórsdóttur og Maríu Solveigu Héðinsdóttur. Þær höfðu verið samstarfskonur í Gagnfræðaskólanum í Mosfellssveit þrjú árin á undan og hófu undirbúning að stofnun skólans í október 1984. Starfsleyfið fékkst í júní 1985. Skólinn var fyrstu tvö árin í Miðbæjarskólanum við Frikirkjuveg en fluttist síðan haustið 1987 inn í gamla Búnaðarfélagshúsið við Tjörnina, Lækjargötu 14b, og hefur verið starfræktur þar síðan. Skólinn var frá upphafi með 8., 9. og 10. bekk, en undanfarin ár hefur nokkrum 7. bekkingum boðist að vera í samkenndu með 8. bekkingum. Fyrirhugað er að færa fyrirkomulagið í fyrra horf frá og með haustinu 1014.

Í Miðbæjarskólanum hafði skólinn afnot af þremur kennslustofum, íþróttasal, smíðastofu, eldhúsi og handavinnustofu. Á þeim tíma hýsti Miðbæjarskólinn einnig starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og þrjár elstu árgangar Vesturbæjarskóla voru í suðurenda hússins. Á sumrin var auk þess rekið farfuglaheimili í húsakynnum Miðbæjarskólans. Eftir flutningana haustið 1987 sköpuðust þær aðstæður að skólinn gat haft meginstarfsemi sína út af fyrir sig. Tilhögun sérgreinanna; íþróttar, smíðar og handavinnu hélt sínum sessi í Miðbæjarskólanum eftir sem áður. Sundkenndu hefur ávallt farið fram í Sundhöll Reykjavíkur og myndlistarkenndu hefur farið fram í hefðbundnum kennslustofum í skólanum.

Þetta fyrirkomulag hélst þangað til Menntasvið Reykjavíkur flutti í Miðbæjarskólann árið 2005. Þá var öllum vistarverum þar breytt í funda- og skrifstofuaðstöðu, líka íþróttasalnum. Í kjölfarið þurfti að finna aðstöðu fyrir íþróttir með því að leigja sali, lengst hjá Knattspyrnufélaginu Val við Hlíðarenda. Þessu fylgdi ferðakostnaður sem var talsvert íþyngjandi fyrir rekstur skólans og erfitt var um vik að finna matreiðslu, smíðum og saumum stað og kenndu í þessum greinum lagðist af um nokkurra ára bil en myndlist var áfram inni á stundaskrá. Haustið 2012 flutti Kvennaskólinn í Reykjavík starfsemi sína í Miðbæjarskólahúsið og þá opnuðust aftur möguleikar fyrir íþróttakenndu og haustið 2013 var gerður samningur um afnot af heimilsfræðistofu í Grandaskóla í Reykjavík.

Stofnun skólans vakti athygli

Mikil fjölmiðlaumfjöllun átti sér stað í kjölfar stofnunar skólans, aðallega neikvæð. Milli sextíu og sjötíu blaðagreinar voru skrifaðar. Flestum þótti neikvætt skref að svo nefndur einkaskóli væri stofnaður í Reykjavík. Helstu rökin voru þau að rekstrafyrirkomulagið, sem hafði í för með sér innheimtu skólagjalda, hlyti að ýta undir mismunun, skólinn yrði fyrst og fremst fyrir ríkra manna börn. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og viðhorfsbreyting átt sér stað í jákvæða átt en árið 2013-2014 er 29. starfsár skólans. Skólinn starfar nú í sátt við ytra skólaumhverfi og raddir frá upphafi skólastarfsins heyrast varla lengur.

Starfsemi og áherslur

Allt frá stofnun skólans hefur starfið tekið umtalsverðum breytingum, bæði hvað varðar ytri ramma (grunnskólalög, reglugerðir...) en ekki síður innri skólaþróun. Leiðarljósið að hafa einstaklinginn í fyrirrúmi hefur ávallt verið mjög sýnilegt. Kennarahópurinn á hverjum tíma hefur sett sinn svip á starfið en það hefur verið mikil gæfa að góðir starfsmenn hafa leitt skólastarfið. Mörg metnaðarfull verkefni hafa litið dagsins ljós. Hin síðari ár hafa mörg þróunarverkefni verið unnin eins og greint hefur verið frá í sjálfsmatskýrslum sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans www.tjarnarskoli.is .

Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á hvetjandi námsumhverfi og mannrækt. Kappkostað er við að hvetja og styrkja nemendur á uppbyggilegan hátt og stuðla að vellíðan þeirra í leik og starfi. Einnig er lögð rækt við að byggja á styrkleika hvers og eins og mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni. Nemendur læra öguð vinnubrögð, samvinnu og samábyrgð og áhersla er lögð á góða hegðun, kurteisi og háttvísi. Áhersla er lögð á að styrkja nemendur í að taka góðar ákvarðanir. Gott samstarf, á milli allra þeirra sem koma að menntun og uppeldi nemenda skólans, er afar mikilvægt. Mikil áhersla er lögð á gott upplýsingastreymi til foreldra og nemenda um sem flesta þætti er lúta að velferð nemenda og þátttöku í skólastarfinu.

Einkunnarorð okkar eru: „Allir eru einstakir“ og „Lítill skóli með stórt hjarta“.

Markmið – áherslur – leiðarljós

Líðan nemenda og starfsfólks

- Nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum.
- Jákvætt og hvetjandi andrúmsloft sem er um leið uppbyggilegt og hrósandi.
- Mannrækt í sem víðasta skilningi.

Góð grunnenntun – einstaklingsmiðað nám

- Góð grunnenntun og undirbúningur fyrir lífið og tilveruna.
- Sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur temji sér góðar námsvenjur.
- Nemendur fái viðfangsefni sem þjálfar allar tegundir greindar (fjölgreind) og úrvinnslu.
- Hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur.
- Vera fundvís á styrkleika einstaklinga.
- Styrkja einstaklinginn sem manneskju á faglegan hátt.
- Skipulagning skólastarfsins taki ávallt mið af því að einstaklingurinn sé í fyrirrúmi.

Mannrækt

- Samvinna/samhjálp nemenda – samvinna árganga.
- Samábyrgð nemenda og verkaskipting.
- Góð hegðun, samfélagsfærni, háttvísi og kurteisi, hvar sem nemendur koma fram á vegum skólans.
- Þjálfun í jákvæðum samskiptum.
- Heilbrigðir lífshættir.

Námsumhverfi

- Rólegt/áreitalítið námsumhverfi.
- Góður ytri aðbúnaður og öryggi.

Samstarf

- Gott samstarf; milli skóla og heimilis.
- kennara og nemenda.
- innan kennarahópsins.
- nemenda og foreldra.

Mótun skólastarfsins

Kennarahópurinn, skólastjóri og ritari skólans vinna þétt saman við það viðfangsefni að móta skólastarfið á hverjum tíma. Einn fastur kennarafundur er á dagskrá í hverri viku þar sem stefnumótun á sér stað, verkaskipting er ákveðin og málefni nemenda og starfsmanna rædd. Auk þess eru dagarnir fyrir skólabyrjun og eftir að skóla lýkur á vorin nýttir og skipulagsdagar á skóladagatalinu bætast við í þessu skyni. Hin seinni ár hefur það viðhorf aukist til muna að það sé jákvætt og eftirsóknarvert að fá foreldra til samstarfs um mótun skólastarfs.

Í gegnum tíðina hafa foreldrar verið hvattir til að koma góðum ábendingum á framfæri um skólastarfið en nú undir það síðasta hefur skólinn sett sér markmið um að foreldrar og nemendur komi með virkari hætti inn í mótun skólastarfsins. Fundur með foreldrum og nemendum vorið 2013 er eitt dæmið um það. Á þeim fundi var viðfangsefnið að ræða ábendingar um það sem betur mætti fara í kjölfar heildarmats á skólastarfinu sem Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur framkvæmdi hausið 2012.

Aðalnámskráin leggur línurnar

Grunnskólum á Íslandi er ætlað að fylgja þeim lögum og reglugerðum sem sett eru á hverjum tíma. Í skólastarfi Tjarnarskóla er leitast við að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram af hálfu skólafyrvalda og skólinn lýtur sama eftirliti og aðrir grunnskólar í Reykjavíkurborg. Auk þess er kappkostað að skólastarfið mótist af eigin skólamenningu og áherslum sem kosið er að nefna „Tjarnarskólataktinn“.

Innleiðing nýrrar aðalnámskrár stendur nú yfir og umræða og breytingar sem henni fylgja eru þegar farnar af stað í skólanum. Leitast verður við að skólastarfið verði í takt við nýja aðalnámskrá á því aðlögunartímabili sem veitt er áður en hún tekur fullt gildi.

Sérstaða skólans – lýsing á ytri ramma

Í Tjarnarskóla eru þrjár bekkjardeildir; 8., 9. og 10. bekkur, eins og komið hefur fram.

Einstaklingurinn í fyrirrúmi

Okkar leiðarljós í skólastarfinu er að hver og einn nemandi fái námsefni og kennslu við hæfi. Þegar nemandi hefur skólagöngu í Tjarnarskóla leitast kennarar við að kynnast nemandanum, námslegri stöðu hans og sterkum/veikum hliðum. Góð mannleg samskipti eru ávallt órjúfanlegur hluti af þessu ferli. Til þess að mæta ólíkum einstaklingum sem standa mjög mismunandi að vígi þegar þeir hefja sína Tjarnarskólagöngu leitumst við við að finna námsefni við hæfi hvers og eins, allt eftir því hvar viðkomandi er staddur. Hver kennari skipuleggur námið hjá hverjum nemanda og við annarlok tekur hver nemandi próf úr því námsefni sem hann hefur komist yfir á önninni (mjög breytilegt eftir einstaklingum). Hver nemandi fer yfir námsefnið á sínum hraða en meginlínur í skólastarfinu eru settar fram í námsvísunum í hverri námsgrein. Hægt er að nálgast námsvísa á heimasíðunni okkar. Ef nemandi er mjög afkastamikill fær hann tækifæri til að stunda fjarnám í framhaldsskóla. Nokkrir nemendur hafa farið þá leið að stytta grunnskólagöngu sína með því að ljúka grunnskólanáminu sínu ári fyrir en jafnaðrar þeirra

Þrjár annir, námsmat, skimanir

Skólaár Tjarnarskóla skiptist í þrjár annir. Hverri önn lýkur með námsmati. Í lok hverrar annar fer fram mat sem felur í sér prófseinkunn, vetrareinkunn, umsagnir kennara og mat á ýmsum öðrum þáttum skólastarfsins s.s. félagsþáttum, framkomu, stundvísi og ástundun. Nemendur vinna sjálfsmat í samvinnu við foreldra í lok 1. og 2. annar. Í lok 1. og 2. annar hitta umsjónarkennarar hvern umsjónarnemanda sinn ásamt foreldri/forráðamanni þar sem farið er yfir einkunnir, umsagnir og sjálfsmat.

Vikulegur stundafjöldi

Vikulegur kennslutími nemenda í skólanum skal vera að lágmarki 1480 mínútur á viku. Nemendur fá afhentar stundatöflur í upphafi kennsluársins og allir foreldrar/forráðamenn fá send eintök í tölvupósti við upphaf skólastarfs en nemendur og foreldrar hafa jafnframt aðgang að stundaskrá á vefnum Námfúsi (www.namfus.is). Stundaskráin er samfelld hjá öllum nemendum skólans. Hver kennslustund er að öllu jöfnu 40 mínútur. Á milli kennslustunda er 5 mínútna hlé, en á miðjum morgni er 20 mínútna hlé og síðan 40 mínútur í hádeginu.

Samvinna, tillitsemi, góð verkaskipting, samkennd; fjölbreyttir kennsluhættir

Á hverjum vetri vinna nemendur margvísleg samvinnuverkefni. Við erum ákaflega stolt af fyrirkomulagi þemadaganna í skólanum. Að öllu jöfnu eru þeir tvisvar á ári, þrjá kennsludaga í senn. Við sjáum ótrúlega margt skemmtilegt leysast úr læðingi á þessum dögum því þá eru nemendur í sannkölluðum þjálfunarbúðum í samskiptum, samvinnu, og listrænni sköpunarvinnu. Það er alltaf keppikeflið að allir séu virkir og séu meðvitaðir um að þeirra framlag skipti máli; bæði fyrir þá sem einstaklinga, en einnig fyrir samstarfshópinn í heild. Við höfum þróað sérstök matsblöð þar sem nemendum sjálfum er ætlað að meta hina ýmsu þætti hópstarfsins, s.s. eigið framlag, verkaskiptingu í hópnum, hópstjórn, samvinnu og margt fleira. Nemendur sjálfir meta sína eigin vinnu, en einnig vinnu annarra hópa í þeim tilgangi að gera þá betur meðvitaða um hve miklu máli það skiptir að vera góður þátttakandi í hóp. Kennarar leggja að sjálfsögðu sína mælistiku á verkefni af þessu tagi og viðurkenningar eru veittar fyrir góða frammistöðu. Þemadagarnir eru meðal þróunarverkefna skólans.

Margvísleg önnur samvinnuverkefni eru ávallt á döfinni á hverjum vetri í hinum ýmsu námsgreinum, s.s. stærðfræðimælingar, útiverkefni í náttúrufræði, glærusýningar í tungumálanámi og samfélagsfræði, ratleikir, myndlistarverkefni, uppsetning á leikriti, verkefni í kjölfar heimsóknar, þátttaka í hinum svo nefnda Raunveruleik, fjarnám í framhaldsskólum, grenndarskógarverkefni, verkefnið „reyklaus bekkur“, námskeiðið „Hugsað um barn“, verkefni sem tengjast félagsstarfinu í skólanum ... og þannig mætti lengi telja. Til marks um margt að því sem við tökum okkur fyrir hendur eru myndir og fréttir úr skólastarfinu sem má sjá á www.tjarnarskoli.is.

Tjarnarskólatakturinn – skólabragurinn

Hann einkennist af þeim þáttum í skólastarfinu sem byggir á persónulegri umhyggju fyrir hverjum og einum en um leið að undirbúa nemendur sem best undir næsta skólastig, lífið og tilveruna og að stuðla sem best að því að hver nemandi verði heilsteipt manneskja. Með það í huga er leitað ýmissa leiða til þess að svo megi verða. Slagorð skólans eru: „Allir eru einstakir“ og „Lítill skóli með stórt hjarta“. Bæði segja mikið um það skólastarf sem unnið er á hverjum tíma. Síðast liðin tvö skólaár (2011-2012 og 2012-2013) hafa verið lagðar viðhorfsskannanir fyrir foreldra annars vegar (11-12) og nemendur hins vegar (12-13) um hvað þeim finnst einkenna Tjarnarskólataktinn. Á yfirstandandi vetri 2013-2014 er fyrirhugað að leggja sambærilega könnun fyrir starfsmenn skólans. Niðurstöður kannana má nálgast í sjálfsmatskýrslum Tjarnarskóla þessara tveggja ára.

Rauði þráðurinn er augljóslega sá að þessum hóp finnst skólinn vera heimilislegur og notalegur þar sem vel er hugað að líðan og velferð nemenda. Margir lýsa þakklæti fyrir að eiga þess kost að sækja skóla af þessu tagi og að aukin vellíðan hafi fylgt skólaskiptum. Persónuleg sinning og hlýlegt yfirbragð eru einnig oft nefnd.

Skóli í sífelldri mótun

Það er ávallt keppikefli að huga að vellíðan nemenda og skapa þeim hvetjandi námsumhverfi. Það hefur í för með sér að sífelld endurskoðun á sér stað og leit að nýjum leiðum á sér stað á hverjum skólavetri. Það er ánægjulegt starf sem byggir á góðri samvinnu kennarahópsins, nemenda, foreldra/forráðamanna í því ytra umhverfi sem skólinn starfar í.

Janúar 2014

Margrét Theodórsdóttir